



Fundargerð hreppsnefndar 05. nóvember 2015

Fundur nr. 30 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 5. nóvember 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Velferðarnefndar dags. 27. október 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt. Reglur fyrir leiguíbúðir Sundabúðar samhljóða samþykktar. Sundabúð, form á leigusamningi, samhljóða samþykkt.

b. Fræðslunefndar dags. 7. október 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. Menningarmálanefndar dags. 7. október og 20. október 2015

Hvor fundargerð samhljóða samþykkt.

d. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 12. október 2015

Til umræðu var tekið 5. mál í fundargerð, strandblakvöllur. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram. 6. mál, lóð leikskólans. Starfsmanni skipulags- og umhverfisnefndar falið að koma upplýsingum til nefndarinnar. Samhljóða samþykkt. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

e. Hafnarstjórnar dags. 13. október 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

f. Æskulýðs- og íþróttanefndar dags. 13. október og 27. október 2015

Fundargerð 13. október samhljóða samþykkt. Fundargerð 27. október, liður 1., vallarhús, tekinn til umræðu. Samhljóða samþykkt að skipa nefnd um framkvæmdina og tillaga að frá sveitarstjórn komi 2 fulltrúar, einn frá Einherja og einn úr æskulýðs- og íþróttanefnd og með nefndinni starfi sveitarstjóri. Samhljóða samþykkt. Samhljóða samþykkt að fulltrúar sveitarstjórnar verði Eyjólfur Sigurðsson og Magnús Þór Róbertsson. Sveitarstjóra falið að kalla eftir að hlutaðeigendur tilnefni sína fulltrúa. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

g. Stjórnar SSA dags. 22. september, 1. október, 3. október og 27. október 2015

Lagt fram til kynningar.

h. 41. fundar stjórnar Brunavarna á Austurlandi dags. 13. október 2015

Lagt fram til kynningar.

i. 125. fundar Haust dags. 14. október og aðalfundar Haust dags. 28. október 2015

Lagt fram til kynningar.

j. 378. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 23. október 2015

Lagt fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Smábátasjómönnum

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara bréfinu.

b. SSA

Eyjólfur Sigurðsson tilnefndur sem aðalmaður og Sigríður Elva Konráðsdóttir til vara. Samhljóða samþykkt.

c. Skólaskrifstofu Austurlands

Sveitarstjóri mun sitja fundinn f.h. Vopnafjarðarhrepps.

3. Almenn mál:

a. Drög að umhverfisstefnu Vopnafjarðarhrepps

Vísað til skipulags- og umhverfisnefndar til afgreiðslu.

b. Drög að samningi milli Framhaldsskólans á Laugum, Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með samningsdrögin.

c. Lögð fram drög að teikningum að vallarhúsi við íþróttavöll Magnús Már kynnti drögin nánar.

d. Byggðakvóti Vopnafjarðarhrepps

Tillaga borin upp að sveitarstjóri æski frestunar til 20. nóvember nk. Samhljóða samþykkt.

e. Málefni Þorbrandsstaða 1 og 2.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa Þorbrandsstaði til leigu að nýju.

f. Tillaga um fasta viðtalstíma sveitarstjórnarmanna

Við undirritaðir gerum tillögu til sveitarstjórnar að teknir verði upp fastir viðtalstímar sveitarstjórnarmanna. Viðtalstímarnir verði mánaðarlega á virkum degi síðdegis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps á tímabilinu kl. 15:00 – 18:00.

Stefán Grímur Rafnsson

Ólafur Áki Ragnarsson

Tillagan borin upp og hún samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta, Stefáns Gríms, Eyjólfss, Sigríðar Elvu og Guðrúnar Hildar. Enginn á móti.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:50.

[Fylgigögn fundar 051115 - 2.pdf](#)